



Helstu niðurstöður aðalfundar og boðun til framhaldsaðalfundar. Árskýrsla VÍS 2015.

Í tilkynningu VÍS þann 11. mars 2016 var tilkynnt um framkomin framboð til aðal- og varastjórnar félagsins og kröfu um að beitt yrði margfeldiskosningu við stjórnarkjörið. Með tilkynningu félagsins fyrr í dag var tilkynnt um að Guðmundur Þórðarson og Jóhann Halldórsson hefðu dregið framboð sín til aðalstjórnar VÍS tilbaka við upphaf aðalfundar. Þar með var einungis einn karlkyns einstaklingur í framboði til aðalstjórnar en fjórir kvenkyns einstaklingar.

Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. laga um hlutfélög og 3. mgr. 19. gr. (áður 15. gr.) samþykktá félagsins skal hlutfall hvors kyns í stjórn félagsins eigi vera lægra en 40%. Þar sem einungis einn karlkyns einstaklingur var í framboði til aðalstjórnar var orðið ljóst að niðurstaða stjórnarkjörs gat ekki orðið í samræmi við fyrrgreint lagaákvæði og ákvæði samþykktá félagsins.

Að tillögu fundarstjóra ákvað aðalfundur að fresta dagskrárlíð nr. 6 um stjórnarkjör í félaginu til framhaldsaðalfundar. Var stjórn falið að boða til framhaldsaðalfundar sem skyldi haldinn innan 3 – 4 vikna frá aðalfundinum og auglýsa eftir nýjum framboðum, sbr. 2. másl. 5. mgr. 19. gr. samþykktá félagsins. Núverandi stjórn starfar áfram þar til ný stjórn verður kjörin á framhaldsaðalfundi.

Framhaldsaðalfundur verður haldinn 6. apríl nk. klukkan 17:00 í höfuðstöðvum VÍS að Ármúla 3, 108 Reykjavík. Eina mál á dagskrá þess fundar er kosning stjórnar.

Frestur til að tilkynna um ný framboð til stjórnar á stjorn@vis.is lýkur fimm dögum fyrir framhaldsaðalfundinn, föstudaginn 1. apríl 2016, kl. 16:00. Framboðseyðublað má finna á vefsíðu félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða lagðar fram hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir framhaldsaðalfundinn.

Helstu niðurstöður aðalfundarins að öðru leyti eru að finna í vefsíðu félagsins ásamt nýjum samþykktum félagsins og nýrri starfskjarastefnu.

Ársskýrsla félagsins fyrir árið 2015 hefur verið gefin út. Skýrslan er eingöngu gefin út í vefútgáfu. Ársskýrsluna má nálgast á heimasíðu VÍS og á eftirfarandi vefslóð: <http://arsskyrsla2015.vis.is/>